

Valgreinar

8. - 10. bekkur



Varmahlíðarskóli
haustið 2016

Námsval á haustönn 2016

Nemendur í 8. – 10. bekk.

Ágætu nemendur, foreldrar og forsjáraðilar.

Í þessu hefti er að finna upplýsingar um þau valnámskeið sem í boði verða á haustönn.

Nemendur fá kynningu fimmtud. 25. ágúst á hverju námskeiði fyrir sig en um er að ræða námskeið sem kennd eru einu sinni í viku í 80 mín. í senn.

Hér fyrir neðan velja nemendur sér námskeið eftir áhuga **fyrir hvern dag**, setja 1 við það námskeið sem þeir helst vilja þann daginn og 2 við það næsta og svo framvegis.

Lesið vel yfir allar námskeiðslýsingar áður en þið veljið, þær er að finna á heimasíðu skólans.

Vinsamlegast skilið valblaðinu á skrifstofu skólans eða sendið það rafrænt til baka á netfangið:

varmahlidarskoli@varmahlidarskoli.is

Vinsamlegast skilið eigi síðar en föstudaginn 26. ágúst.

Mánudagur Kl. 12:10 – 13:25 8. - 10. bekkur	Priðjudagur Kl. 12:45 – 14:05 8. - 10. Bekkur	Miðvikudagur Kl. 12:45 – 14:05 8. - 10. bekkur	Fimmtudagur Kl. 9:20 – 10:00 8. - 10. bekkur
Almenn matreiðsla BB () Hámark 12	Bakstur BB () Hámark 12	Bakstur BB () Hámark 12	Almenn matreiðsla BB () Hámark 12
Íþróttir SHE ()	Stuttmynd ÍOL () Hámark 12	Smíðar ME () Hámark 12	Listasmiðja ÍOL ()
Textílmennt þH () Hámark 12	Ha? TA ()	Leikskólaval () Hámark 4	Leikskólaval () Hámark 6
Tæknilegó UES () Hámark 12	Skólahreysti SHE ()	Málmsmíði EÖE () Hámark 6	Málmsmíði EÖE () Hámark 6
Landbúnaðarval ÓAS ()		Upplýsingatækni UES () Einungis 10. bekkur	Fjölmíðlun ÓAS ()

Nafn nemanda:

LÝSING Á NÁMSKEIÐUM

Bakstur

Kennari: Bryndís Bjarnadóttir

Markmið: Nemendur þjálfist í bakstri, sjálfstæðum vinnubrögðum, geti tileinkað sér samvinnu, farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu heimilishaldi og matreiðslu. Kynnst ýmsum tegundum hráefnis og geti nýtt það sem best.

Viðfangsefni: Helstu bakstursaðferðir: gerbakstur, hrært deig, þeytt deig, hnoðað deig, djúpsteikt og í lokin verða gerð piparkökuhús.

EKKI reiknað með bóklegum tínum en fléttatíð verður inn í verklega hlutan, fróðleik um næringarfræði, matvælafræði, hreinlæti og fróðleik um heilbrigðan lífsstíl.

Námsmat: Símat og vinnueinkunn sem byggist á virkni í tínum, sjálfstæði, frumkvæði, vinnusemi, samskiptum og frágangi.

Almenn matreiðsla

Kennari: Bryndís Bjarnadóttir.

Markmið: Nemendur þjálfist í almennri matreiðslu og bakstri. Geti tileinkað sér sjálfstæð vinnubrögð, samvinnu, farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu heimilishaldi og matreiðslu. Kynnast ýmsum tegundum hráefnis og nýti það sem best.

Viðfangsefni: Súpugerð og eftirréttir. Fiskréttir, kjúklingaráttir, pastaréttir, smáréttir og bakstur. Endað verður á piparkökuhúsum.

EKKI reiknað með bóklegum tínum en fléttatíð verður inn í verklega hlutan, næringarfræði, matvælafræði, hreinlæti og fróðleik um heilbrigðan lífsstíl.

Námsmat: Símat og vinnueinkunn sem byggist á virkni í tíum, sjálfstæði, frumkvæði, vinnusemi, samskiptum og frágangi.

Smíðar

Kennari: María Eymundsdóttir

Markmið: Nemendur læri góða umgengni í smíðastofunni. Þeir eiga líka að teikna einfalda mynd af hlut sem þeir svo smíða.

Viðfangsefni: Smíðaefni í stofunni og úr skóginum. Notast verður við rennibekk til að smíða eitt verkefni í samráði við kennara. Einnig verður farið yfir handtökin og umgengnina við tálgun og tálgaður einn hlutur. Að lokum fá nemendur að smíða hlut að eigin vali í samráði við kennara.

Námsmat: Símat þar sem metin er vinnusemi, hegðun og frumkvæði 50%. Vinnubrögð og verkefnaskil 50%

Ha?

Kennari: Trostan Agnarsson

Markmið: Að nemendur velti fjölbreytilegum tjáningarmöguleikum fyrir sér og vegi og meti kosti og galla hvers um sig með margs konar athugunum.

Viðfangsefni: Hér verður farið yfir það hvernig hægt er að nota orð og hvernig er hægt að hætta við að nota þau. Skoðuð verða ýmis dæmi um það hversu mikið er hægt að segja í fáum orðum og hversu lítið er hægt að segja í mörgum orðum. Nokkuð verður um verklegar æfingar í orðnotkun.

Námsmat: Símat, byggt á þátttöku í umræðum og öðru vinnuframlagi.

Upplýsingatækni – UPPT1UT05 – Fyrir nemendur í 10. bekk, kennt allt skólaárið.

Kennari: Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir

Markmið: Nemendur kynnist almennri notkun á PC-tölvum. Skjalavistun, Word, Excel, PowerPoint. Lögð er áhersla á sjálfstæð vinnubrögð nemenda.

Námsmat: Námsmat er að miklu leyti á formi símats. Metin er vinna í tímum og skil á verkefnum. Skilaskylda er á öllum verkefnum. Þau eru metin með reglulegu millibili. Próf úr Word í desember og samþættingu Word og Excel í maí.

Tækni legó - Mindstorm.

Kennari: Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir

Markmið: Vekja áhuga nemenda á vísindum og tækni í gegnum einfalda forritun. Nemendur setja saman margskonar tæki samkvæmt leiðbeiningum og forrita þau síðan til þess að leysa ákveðnar þrautir. Unnið er með Lego – Mindstorm og tölvuforrit.

Námsmat: Námsmat er að miklu leyti á formi símats. Metin er vinna í tímum s.s. virkni, vinnubrögð og samvinna.

Landbúnaðarval

Kennari: Ólafur Atli Sindrason

Helstu markmið og viðfangsefni:

- Að nemendur kynnist helstu atríðum almennrar búfjárræktar – t.d. fóðrun, hirðingu, kynbótum og afurðum.
- Að nemendur fái ofurlitla innsýn í rekstur bújarða, t.d. helstu tekjur, útgjöld o.s.frv.
- Að nemendur kynnist helstu búgreinum í héraðinu, s.s. sauðfjárbúskap, kúabúskap, loðdýrabúskap, hrossaráektarbúskap, skógrækt (skógarbýli) o.fl.

Kennt verður í formi fyrirlestra og verkefna. Veraldarvefurinn notaður til stuðnings auk myndbanda og gestafyrirlesara. Stefnt er að a.m.k. einni heimsókn á bú í nágrenninu. Unnið verður a.m.k. eitt verkefni þar sem nemandi gerist „sérfræðingur“ í ákveðinni búgrein – og kynnir niðurstöður þess fyrir kennara og samnemendum.

Námsmat: Leiðsagnarmat í tímum og vinnueinkunn sem byggist á virkni í tímum, sjálfstæði, frumkvæði, vinnusemi og samskiptum.

Fjöldun af ýmsum toga

Kennari: Ólafur Atli Sindrason

Helstu markmið og viðfangsefni:

- Að nemendur fái innsýn í heim fjöldi lanna og þekki nokkrar mismunandi leiðir til fjöldunar.
- Að nemendur geri sér grein fyrir því hvað er fréttanæmt - og hvað ekki.
- Að nemendur læri að gera markvissar og grípandi fréttir af ýmsum gerðum.
- Að nemendur nýti sér tæknina til fréttatflutnings.

Kennt verður í formi fyrirlestra og verklegra verkefna. Nemendur sjá sjálfir um að útbúa fréttir og innslög á heimasíðu skólans, Facebook, Twitter, Youtube o.s.frv.

Námsmat: Leiðsagnarmat í tímum og vinnueinkunn sem byggist á virkni í tímum, sjálfstæði, frumkvæði, vinnusemi og samskiptum.

Stuttmyndagerð

Kennari: Íris Olga Lúðvíksdóttir

Helstu markmið og viðfangsefni:

Nemendur læri að taka upp efni, s.s. leiknar myndir, viðtöl og heimildamyndir.

Vinna með forrit til að klippa myndir, bæta við hljóðum o.fl. Sjálfstæði, frumkvæði og vinnusemi eru

Námsmat: Símat og vinnueinkunn sem byggist á virkni í tímum, sjálfstæði, frumkvæði, vinnusemi og samskiptum.

Listasmiðja - Mósaik tréð

Kennari: Íris Olga Lúðvíksdóttir

Helstu markmið og viðfangsefni:

Unnið verður að varanlegu útilistaverki sem á að prýða vesturhlið skólans: stórt mósaik-tré með nafni skólans og einkunnarorðum. Nemendur og starfsfólk hófu vinnuna í vor á þemadögum með því að „mósaika“ lauf trésins. Markmið þessarar annar er að klára laufkrónuna og byrja á stofni trésins, en búast má við að vinna við tréð taki 1 - 2 ár.

Námsmat: Símat og vinnueinkunn sem byggist á virkni í tímum, sjálfstæði, frumkvæði, vinnusemi og samskiptum.

Málmsmíði

Kennari: Einar Örn Einarsson

Helstu markmið og viðfangsefni:

Nemendur hanna og vinna verkefni úr málmi. Unnar eru hlutir þar sem gamlar skeifur eru bræddar og unnið úr þeim. Dæmi um málma: Kopar, eir, messing, ryðfrítt stál. Stefnt er að því að nemendur öðlist þjálfun í sjálfstæðum vinnubrögðum og geti hannað og smíðað hlut og valið til þess efni og viðeigandi verkfæri.

Námsmat: Leiðsagnarmat í tínum og vinnueinkunn sem byggist á virkni í tínum, sjálfstæði, frumkvæði, vinnusemi og samskiptum.

Skólahreysti

Kennari: Sigurlína Hrönn Einarsdóttir

Helstu markmið og viðfangsefni:

- Stöðvaþjálfun og skólahreystibrautirnar reyndar reglulega.
- Farið er í styrktaræfingar fyrir alla vöðvahópa líkamans.
- Fræðsla um þol, kraft og styrk.
- Leikir eru fléttaðir inní hvern tíma í upphitun.
- Fræðsla um vöðvana, hlutverk, æfingar og teygjur.
- Fræðsla um þúlsmælingar og hvernig er hægt að nýta hann í þjálfun.
- Teygjur og slökun í lok tíma þar sem nemendur fá að stjórna til skiptis.

Námsmat: Símat og vinnueinkunn sem byggist á virkni í tínum, sjálfstæði, frumkvæði, vinnusemi og samskiptum.

Íþróttaval

Kennari: Sigurlína Hrönn Einarsdóttir

Helstu markmið og viðfangsefni:

- Allar algengustu hópíþróttagreinar tekna fyrir
- Farið í grunnæfingar líkamsræktar, stöðvaþjálfun og lært á tæki í tækjasal
- Fræðsla um þol, styrk og kraft og mismunandi áherslur í þjálfun.
- Að nemendur geri sér grein fyrir því að mataræði og hvíld hafa áhrif á líkamlega getu í líkamsrækt.
- Prófa að láta tvo nemendur í einu skipuleggja og stjórna hluta af tímunum.

Námsmat: Símat og vinnueinkunn sem byggist á virkni í tínum, sjálfstæði, frumkvæði, vinnusemi og samskiptum.

Leikskólaval

Kennarar: Ýmsir leikskólakennrarar.

Helstu markmið og viðfangsefni:

Nemendur taki þátt í því starfi sem fram fer á hverjum tíma. Ætlast er til að nemendur reyni að kynnast börnunum, taki þátt í því sem þau eru að gera, aðstoði þau, leiki við þau og sinni því sem kennararnir biðja þá um. Nemendum er heimilt að koma með hugmyndir um verkefni eða leiki sem þeir hafa áhuga á að fara í með börnunum og fá aðstoð frá kennurum leikskólans til að koma því í framkvæmd. Í leikskólanum er trúnaður mjög mikilvægur og þeir sem starfa þar þurfa að skrifa undir þagnarskyldu. Ekki má ræða um málezni einstakra barna utan leikskólans. Ekki má taka myndir af börnunum í leikskólanum. Ekki er heimilt að vera með GSM síma í starfi með börnunum.

Námsmat: Leiðsagnarmat í tínum og vinnueinkunn sem byggist á virkni í tínum, sjálfstæði, frumkvæði, vinnusemi og samskiptum.

Textílmennt (endurnýting, fatasaumur og blandaðar textílaðferðir)

Kennari: Þyrey Hlífarasdóttir

Helstu markmið og viðfangsefni:

Að nemendur:

- Skipuleggi eigin vinnuferli út frá hugmyndavinnu, umræðum og stöðugu mati á eigin vinnu.
- Læri að beita réttum vinnubrögðum og meðhöndlum áhöld, verkfæri og vélar af öryggi.
- Kynnist sjálfbærni og endurnýtingu í textílmennt og læri hvernig hægt er að endurnýta textílefni.
- Þekki fjölbreytt vinnubrögð í textílmennt.
- Læri að lesa og vinna eftir uppskriftum.

Dæmi um viðfangsefni, bundið val: Endurnýting, flík eða nytjahlutur sem unnin er úr endurnýtanlegum efniviði. Prjón, flík eða nytjahlutur prjónað eftir uppskrift. Tauþrykk/taulitun, þrykkt á efni og efni lituð með mismunandi aðferðum.

Dæmi um viðfangsefni, val: fatasaumur að eigin vali, t.d. leggings, peysa, buxur, kjóll. Önnur viðfangsefni t.d. púðar, dúkar, töskur, vöggusett, hekl-/útsaumur.

Námsmat: Leiðsagnarmat í tínum og vinnueinkunn sem byggist á virkni í tínum, sjálfstæði, frumkvæði, vinnusemi og samskiptum.